

- a) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg. sementsnotkun kr. 10.00.
- b) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við eldneftissölur, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 25.00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 50.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 50.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
- h) Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðist kr. 50.00. Lágmarksgjald kr. 2 000.00 — tvö þúsund krónur —.
- i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

#### 4. gr.

13. gr. hljóði svo:

Framantalin gjöld samkv. 8., 9. og 10. gr. eru miðuð við byggingarvisitölu 1986 stig 1. nóv. 1975 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvisitöluna, eins og hún er 1. nóv. ár hvert, þó má hækkunin ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.*

**F. h. r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## **G J A L D S K R Á**

### **fyrir afnot flugvalla.**

#### 1. Gildissvið.

- 1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.
- 1.2. Gjöld fyrir millilandflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Reykjavík og Sauðárkrók.
- 1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot flugvallanna við Akureyri, Egilsstaði, Hornafjörð, Húsavík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Reykjavík, Sauðárkrók og Vestmannaeyjar.

## 2. Lendingargjald.

- 2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 3.47 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga þess.
- 2.2. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í innanlandsflugi á flugvöllum, sem upp eru taldir í gr. 1.3., skal greiða kr. 150.00 fyrir hver byrjuð 1000 kg. af þunga þess.
- 2.3. Fyrir notkun flugvallar utan auglýsts þjónustutíma er flugmálastjórn heimilt að innheimta viðbótar-lendingargjald vegna tilfallandi launakostnaðar við flugvallar- og/eða flugumferðarþjónustu.

## 3. Stæðisgjald.

- 3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.
- 3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greitt stæðisgjald samsvarandi 1.00 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1000 kg. af þunga þess.

## 4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

- 4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og þjörgunarflugi.
- 4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
- 4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
- 4.5. Eins-hreyfils loftför í innanlandsflugi, sem ekki hafa skráð fleiri en fjögur sæti.
- 4.6. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða eru rekin af því.
- 4.7. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.

## 5. Þjónustugjald.

- 5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
- 5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

## 6. Eldsneytisgjald.

- 6.1. Af öllu eldsneyti, sem ætlað er til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:
  - a) Flugbensín ..... kr. 1.00 á hvern lítra.
  - b) Þotuelsneyti ..... — 0.70 á hvern lítra.
- 6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

## 7. Flugskýlisgjald.

- 7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1000 kg af þunga loftfarsins:
  - a) Innanlandsflug: kr. 150.00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring, eða kr. 2 250.00 á mánuði.
  - b) Millilandaflug: samsvarandi 2.20 Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

- 7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

#### 8. Almenn ákvæði.

- 8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskírteinið.
- 8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

#### 9. Gildistaka.

- 9.1. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi gjaldskrá fyrir nánar tiltekna flugvelli og sjó-flughafnir nr. 183 18. október 1951, gjaldskrá fyrir Reykjavíkurlugvöll nr. 211 15. júní 1973 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 334 16. júlí 1975.

*Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## VIÐAUKI

**við Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnassýslu.**

#### Um sumarbústaði.

##### 1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

##### 2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

##### 3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.